


# Stefnuræða með fjárhagsáætlun 2014 og áætlun 2015 – 2017

Síðari umræða 12.12.2013

## Fjallabyggð



Sigurður Valur Ásbjarnarson  
Bæjarstjóri Fjallabyggðar

## Inngangur.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 var lögð fram til fyrri umræðu 13.11.2013 og er til endanlegrar afgreiðslu í dag við síðari umræðu 12.12.2013 sem og áætlun fyrir árin 2015 – 2017. Samþykkt var að framkomnar tillögur um breytingar eða aðra nálgun og umræður færi fram í bæjarráði á milli fyrri og síðari umræðu. Nokkar breytingar voru gerðar á milli umræðna og verður þeirra sérstaklega getið hér á eftir.

Megin áhersla bæjarstjórnar frá síðasta ári hefur gengið eftir og hefur rekstur bæjarfélagsins verið tekinn til skoðunar í samræmi við úttekt og greinargerð HLH sem samþykkt var einróma í bæjarstjórn í júní s.l.

Nú er búið að ráða í nýjar stöður og ljúka frágangi að mestu við þá aðila sem látið hafa af störfum. Á þessu tímabili hafa fjórir starfsmenn hætt og er rétt að þakka þeim störf fyrir bæjarfélagið. Einn starfsmaður hefur verið færður til í starfi og nýr ráðinn til að sinna markaðs og atvinnumálum. Þeir eru boðnir velkominir til nýrra ábyrgðarstarfa fyrir bæjarfélagið.

Nokkur mál eru aðkallandi og verður þeim lokið eigi síðar en 1. mars 2014:

1. Farið verður yfir alla verkferla og skipulag í yfirstjórn bæjarfélagsins. Lögð verður áhersla á að endurskoða starfslýsingar sviðstjóra og undirmanna þeirra sem og forstöðumanna í takt við nýtt skipulag. Þessi vinna er hafin og verður að fullu lokið um næstu mánaðarmót.
2. Málefni Hornbrekku verða til umræðu í tengslum við samræmingu á þjónustu við eldri borgara í Fjallabyggð í takt við áherslur í fjárhagsáætlun ársins og er sú vinna nú hafin.
3. Frágangur lóðamála á eyrinni á Siglufirði verður í umræðunni næstu þrijá mánuði og er nauðsynlegt að koma skipan á þau mál en um er að ræða frágang og skil á lóðum til bæjarfélagsins.
4. Starfsmannahald í höfninni er nú til endurskoðunar m.t.t. ákvörðunar bæjarráðs er það mál varðar.

## Ágætu bæjarfulltrúar

Ég vil í upphafi þessarar yfirferðar færa starfsmönnum bæjarfélagsins þakkir fyrir þeirra aðkomu að áætlun ársins, en þeir hafa ásamt fagráðum og bæjarráði lagt grunn að fjárhagsáætlun Fjallabyggðar næstu fjögur árin.

Gerð var grein fyrir meginforsendum í upphafi áætlunargerðar, einnig komu fram væntingar fagnefnda og forstöðumanna sem tekin var saman í stefnuræðu við framlagningu fjárhagsáætlunarinnar við fyrri umræðu. Verður sú yfirferð ekki endurtekin hér.

Hins vegar verður hér farið yfir megin markmið ársins, breytingar frá fyrri umræðu og þau atriði önnur sem vert er að leggja áherslu á.

Rétt er einnig að minna á góða útkomuspá fyrir árið í ár er varðar rekstur og fjárfestingar. Starfsmenn bæjarfélagsins hafa lagt áherslu á að fylgja áætlun eins vel og nokkur kostur er, enda má ætla að niðurstaða ársreiknings verði sambærileg og á síðasta ári.

Rétt er hér að taka fram að veltufé frá rekstri verður 13.7 % á árinu 2013 í hlutfalli við tekjur og eru skuldir um 467 þúsund á íbúa nú í árslok.

Fá sveitarfélög standa eins vel er varðar skuldir og okkar ágæta bæjarfélag. Sú aðferðarfræði hefur gefist vel, að á fundum bæjarráðs milli fyrri og síðari umræðu í bæjarstjórn, séu ræddar tillögur sem bæjarfulltrúar, fagnefndir og eða bæjarstjóri vilja koma á framfæri.

Bæjarráð tók sér góðan tíma til að ræða forsendur og breytingar á áætlun ársins 2014 þ.e. október og nóvember og ræddi síðan ítarlega breytingar fyrir síðari umræðu til að marka stefnu bæjarfélagsins fyrir næstu fjölgur fjárhagsár.

Neðanritað var til umfjöllunar sérstaklega í bæjarráði á milli umræðna í bæjarstjórn.

**Mál tekið fyrir á fundi bæjarráðs 26. nóvember**

**Fjárhagsáætlun 2014 og 2015 – 2017.**

Farið var yfir athugasemdir og ábendingar sem fram hafa komið eftir fyrri umræðu fjárhagsáætlunar.

Búið er nú að breyta uppsetningu fjárhagsáætlunar á þann veg að þjónustumiðstöð er orðin sjálfstæð A-hluta stofnun og ekki lengur hluti af veitustofnun.

Við umfjöllun um gjaldskrár samþykkti bæjarráð að endurskoða áformaðar breytingar á þjónustugjaldskrám sem liggja fyrir í drögum að fjárhagsáætlun 2014.

**Með þeiri ákvörðun vildi bæjarráð leggja sitt af mörkum til að sporna við verðbólgu og á þann hátt auka kaupmátt í komandi kjarasamningum.**

Í tengslum við bókun hafnarstjórnar 4. nóvember s.l. um starfsmannahald, var lögð fram tillaga um að hætt verði við að fækka hafnarvörðum.

Bæjarráð samþykkti með tveimur atkvæðum að fela hafnarstjóra að gera tillögu til bæjarráðs um breytt vinnufyrirkomulag með tilliti til þjónustu hafnarinnar.

**Styrkumsókn fyrir Ólæti - tónlistar- og menningarhátíð.**

Ólæti, tónlistar og menningarhátíð sendi inn styrkumsókn. Bæjarráð samþykkti að veita hátíðinni framlag að upphæð 100 þúsund kr.

**Á fundi bæjarráðs þann 6.desember, voru neðantalin mál tekin til afgreiðslu.**

**Um var að ræða fyrirhugaða hækkun hámarksútsvars.**

Innanríkisráðuneytið hafði sent tilkynningu til allra sveitarfélaga þar sem athygli er vakin á því að í undirbúningi eru breytingar á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Leyfilegt hámarksútsvar af tekjum manna á árinu 2014 gæti þar með hækkað um 0,04%, úr 14,48% í 14,52%. Gera á ráð fyrir að álagningarhlutfall tekjuskatts lækki um samsvarandi hlutfall, þannig að ekki verði um heildarhækkun tekjuskatts og útsvars að ræða.

Bæjarráð samþykkti hins vegar samhljóða, tillögu til bæjarstjórnar um að útsvarið verði óbreytt eða 14.48%.

**Undir dagskráliðnum fjárhagsáætlun 2014 og 2015 – 2017 samþykkti bæjarráð á sama fundi neðanritaðar breytingar á tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 - fyrir síðari umræðu.**

1. Útsvar verði óbreytt þ.e. 14.48%.
  2. Verðbólga miðist við 2.5%.
  3. Launahækkanir miðist við 2.0%.
  4. Lækkun á tekjum frá Jöfnunarsjóði um 7 m.kr.
  5. Handbært fé taki mið af um 60 m.kr. í áætlun 2014 -2017. Annað fé verði varið til framkvæmda.
  6. Veltufé frá rekstri verði sem næst 350 m.kr. á árunum 2016 og 2017.
  7. Lífeyrisskuldbindingar verði ávalt til skoðunar.
  8. Hækkan á gjaldskrá miðast einungis við hækkan á sorphirðugjöldum.
  9. Lækka þarf framkvæmdarliði um sem nemur lækkun á framlagi frá Jöfnunarsjóði.
- Rétt er að miða handbært fé við um 60 m.kr.
10. Aðrar breytingar – Sjá næsta fund bæjarráðs – þriðjudaginn 10.12.2013.

#### **Á þriðja fundi bæjarráðs á milli bæjarstjórnarfunda þann 10.desember**

var lögð fram millikeyrsla á fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 - 2017.

Þar kom fram að búið er að setja inn ábendingar og tillögur frá síðustu tveimur fundum bæjarráðs. Fram komu á eftir yfirferð og skoðun neðantaldar ábendingar um lagfæringar fyrir lokakeyrlu fyrir síðari umræðu bæjarstjórnar.

1. Athuga þarf íbúatölu Fjallabyggðar fyrsta desember.
2. Athuga þarf betur hækkan á lífeyrisskuldbindingum frá útkomuspá, miða skal við 2.5% verðb.markmið og 2% lífaldurshækkan í stað 10% í framlagðri keyrlsu.
3. Fara þarf yfir launabreytingar er varðar laun til hafnarvarða. Gera skal ráð fyrir þremur störfum í áætlun. Fram kom að bæjarfulltrúar leggja áherslu á að hugmyndir hafnarstjóra verði tilbúnar fyrir 1.febrúar 2014.
4. Lögð er áhersla á að skoða beri rekstrarkostnað á Grunnskóla Fjallabyggðar fyrir árin 2015 - 2017 sérstaklega. Lögð var áhersla á skoðun launaliða.
5. Á fundinn komu Eiríkur Haukur Hauksson formaður stjórnar Flokkunar og Hólmgrímur Bjarnarson endurskoðandi þeirra og varð mikil umræða á fundinum um aðkomu bæjarfélagsins að fyritækjunum Flokkun ehf og Moltu ehf.

**Fram kom að erindi þeirra félaga var tvíþætt.**

1. Endurskipulagning á rekstri Flokkunar ehf. að upphæð kr. 1.6 m.kr af 50 m.kr. hlutafjáraukningu. Þetta framlag Fjallabyggðar er í takt við hlutafjáreign.
2. Hækkun á þjónustugjaldi þar sem ekki hefur verið gert ráð fyrir heildaríbúatölu bæjarfélagsins. Um er að ræða hækkun sem nemur þjónustugjaldi fyrir íbúa Siglufjarðar og er sá hlutur um 1.0 m.kr. Bæjarráð lagði til við bæjarstjórn að þjónustugjaldið yrði samþykkt. Bæjarráð lagði einnig til við bæjarstjórn að aukning hlutafjár verði samþykkt til að endurskipulagningin nái fram að ganga. Bæjarráð lagði áherslu á að full samstaða náist um hlutafjáraukningu hjá núverandi hluthöfum. Bæjarráð felur bæjarstjóra að gera breytingar á áætlun miðað við ofanritað.

**Bæjarráð samþykkti með ofanrituðum áherslum að vísa fjárhagsáætlun til síðari umræðu fimmtudaginn 12.12.2013.**

Niðurstaða fyrir keyrslu.

1. Íbúatalan og þar með áætlun ársins tekur mið af því að íbúatalan sé óbreytt á milli umræðna. Rauntala 2.12.2013 er talin vera 2016.
2. Varðandi umræðu um lífeyrisskuldbindingar þ.e. 55 m.kr. sem sett var í áætlun 2014 við fyrri umræðu þá er rétt að taka fram að útkomuspáin mun sennilega verða í um 60 m.kr. fyrir árið 2013.  
60 m.kr. ofan á útreiknaðar skuldbindingar síðasta árs sem voru 765 m.kr., gera þá 825 m.kr. Með þeiri ákvörðun bæjarráðs að miða við 2,5% verðb.markmið og 2% lífaldurshækkun gerir það samtals 4,5% eða samtals 37 m.kr. í stað 55 m.kr. og lækkar því í áætlun milli umræðna um 18 m.kr.
3. Um er að ræða hækkun um 3.4 m.kr. í áætlun.
4. Launaforsendur og breytingar eru komnar réttar inn í áætlun, eftir ítarlega skoðun á rekstri Grunnskólans.
- 5.. Hækkun varð á framlagi vegna Flokkunar ehf um 1.6 m.kr. milli umræðna til fjárfestinga og 1.0 m.kr. til greiðslu þjónustugjalda fyrir íbúa Siglufjarðar.

**En hver er staðan um áramót – hvernig tókst til á árinu 2013 miðað við áætlun sem var samþykkt á sama tíma fyrir ári. Skoðum fjárfestingar og viðhald.**

Á árinu voru neðangreind verkefni sett í forgang af fagnefndum, deildarstjórum og forstöðumönnum stofnana sem bæjarstjórn samþykkti fyrir fjárhagsárið 2013.

**Stærstu verkefni í framkvæmdum og viðhaldi voru áætluð;**

	Framkvæmdir 2013	Áætlun 2013	Viðhald 2013	Áætlun 2013
Leikhólar Ólafsfirði	0	0	300.000	1.000.000
Leikskálar Siglufirði	0	0	2.900.000	3.200.000
Grunnskóli, Hlíðarvegi 18-20	0	0	100.000	1.000.000
Grunnskóli, Norðurgötu 10	15.000.000	88.000.000	360.000	250.000
Barnaskólinn Ólafsfirði	8.500.000	7.000.000	500.000	250.000
Tónskólinn Ólafsfirði	0	0	0	0
Tónskólinn Siglufirði	0	0	0	2.500.000
Menntaskólinn á Tröllaskaga	500.000	0	3.000.000	3.000.000
Íþróttamiðstöð Ólafsfirði	0	0	3.400.000	3.000.000
Íþróttamiðstöð Siglufirði	0	0	7.600.000	7.000.000
Bæjarskrifstofa Ólafsfirði	0	0	100.000	200.000
Ráðhús Siglufirði	0	3.938.000	2.300.000	1.000.000
Tjarnarborg / Tónskóli	1.900.000	1.500.000	2.600.000	2.000.000
Slökkvistöðin Ólafsfirði	0	0	300.000	150.000
Slökkvistöðin Siglufirði	0	0	180.000	150.000
Bókasafn Ólafsfirði	0	00	50.000	100.000
Götur , endurbætur, eignfærsla	9.000.000	13.000.000	0	0
Gangstéttar og plön	3.800.000	3.500.000	0	0
Gámasvæði Siglufirði	10.500.000	10.000.000	0	0
Slökkvibifreið Siglufirði	0	0	0	0
Tæki íþróttasvæði Siglufirði	0	0	0	0
Tæki íþróttasvæði Ólafsfirði	0	0	0	0
Framkvæmdir við kirkjugarð	3.800.000	4.000.000	0	0
Sjóvarnir á Sigrunesi	0	0	0	0
<b>Samtals</b>	<b>53.000.000</b>	<b>130.938.000</b>	<b>23.690.000</b>	<b>24.800.000</b>
Íbúðasjóður	0	0	0	0
<b>Hafnarsjóður</b>	<b>0</b>	<b>18.500.000</b>	<b>5.753.000</b>	<b>5.637.000</b>
Hafnarsjóður sandfangari		0	0	0
Hafnarsjóður flotbryggja	12.070.000	0	0	0
Hafnarsjóður malbikun	3.502.000	0	0	0
Hafnarsjóður steypuviðgerðir		0	0	0
Fráveita	7.000.000	7.000.000	3.000.000	3.000.000
Vatnsveita	1.600.000	11.500.000	2.000.000	3.000.000
<b>Samtals</b>				

**Stærstu verkefni á vegum tæknideildar voru áætluð; (ÁVS)**

➤ Leikhólar

- Almennt viðhald á húsi og leiktækjum á lóð
- **Leikskálar**
  - Viðhald á leiktækjum á lóð
  - Lagfæringar á dúk
  - Vagnaskýli
- **Grunnskóli Hlíðarvegi**
  - Ýmislegt smáviðhald á eigninni
- **Grunnskóli Norðurgötu**
  - Ýmis málningarvinna innandyra
  - Ýmislegt smáviðhald á eigninni
  - Hönnun viðbyggingar
- **Barnaskóli Ólafsfirði**
  - Neyðarútgangar og stigi á suðurgafl
  - Drenlögn að austanverðu og undir suðurálmu
- **Tónskóli Siglufirði**
  - Lagfæra á þak fyrir ármót
  - Skipta út timburáfellum
- **Tjarnarborg / Tónskóli**
  - Endurnýjun glugga efri hæð
  - Brunaviðvörnunarkefni
  - Almennt viðhald á húsi
- **Menntaskólinn Tröllaskaga**
  - Almennt viðhald á húsi
  - Hljóðvistarplötur settar á ganga
- **Íþróttamiðstöð Ólafsfirði**
  - Ýmislegt smáviðhald á eigninni
  - Endurnýjun á ljósaperum í íþróttasal
  - Endurnýjun á skápalæsingum
  - Lagfæra dúk í íþróttasal
- **Sundlaug Siglufirði**
  - Búningsklefar endurnýjaðir að öllu leyti. Veggir, bekkir og skápar
- **Íþróttahús Siglufirði**
  - Klæða yfir heraklid plötur í veggjum og mála
- **Ráðhús Siglufirði**
  - Kaffistofa á 3. hæð. Ný innréttинг, gólfefni og málun
  - Almennt viðhald auk viðhalds á lyftu
- **Gámasvæði Siglufirði**
  - Gámasvæði malbikað, nýr aðstöðuskúr og lýsing

Við þennan lista má bæta ýmsum smáverkefnum sem gerð voru á öðrum eignum

➤ **Fráveita**

- Endurnýjaður hluti af stofnlögn sunnan við íþróttahús Siglufirði
- Kaup á stofnlögn frá Síldarminjasafni að Gránugötu

➤ **Vatnsveita**

- Vatnslögn að nýjum golfvelli í Hólsdal
- Almennt viðhald og endurnýjun á inntökum

➤ **Gangstéttir**

- Vetrarbraut steypt gangstétt

➤ **Götur**

- Hólavegur syðsti hluti yfirlagður

➤ **Yfirlögn malbik**

- Malbikunarviðgerðir í báðum byggðarkjörnum
- Vegur að Hornbrekku yfirlagður
- Vesturhöfn yfirlögn
- Lagfæringar á ýmsum stöðum

**Tekjuáætlun 2014 og til ársins 2017**

Við endanlega áætlun skatttekna var gert ráð fyrir útsvarstekjum í samræmi við lög og óbreyttar álögur og tekjugrunni í fasteignaskatti en í ljós hefur komið að bæjarfélagið fær heldur lægra framlagi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2014 en gert var ráð fyrir við fyrri umræðu. Lækkunin er um 7 m.kr og hefur hún verið staðfest og er kominn inn í áætlun.

**Gjaldaáætlun**

Launakostnaður er langstærsti einstaki útgjaldaliður bæjarfélagsins en hann fer nú lækkandi. Þá koma vöru- og þjónustukaup, ýmsar millifærslur og loks fjármagnskostnaður sem er sannarlega með því lægsta sem sést hér á landi í rekstri sveitarfélaga og fer lækkandi.

Verðlagsforsendur og aðrar verðlagshækkanir voru fengnar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga en bæjarráð gerði breytingar á forsendum í ljósi ákvörðunar um að takast á við verðbólgu og óbreytta gjaldskrá.

**Gjaldskrár**

Gjaldskrár voru lagðar fram til skoðunar og samþykktar samhljóða. Ekki er gert ráð fyrir hækjun á almennum gjaldskrám á árinu 2014. Þær verða hins vegar

teknar til endurskoðunar ef í ljós kemur að markmið um þjóðarsátt gengur ekki eftir.

### **Áherslur – samanburður**

Bæjarfélagið kemur betur út í samanburð við önnur sveitarfélög en áður og vísast hér til Árbókar sveitarfélaga.

Bæjarfélagið kemur einnig betur út í samanburði sem Vísbending tekur saman ár hvert en þar kemur fram að bæjarfélagið hefur hækkað um mörg sæti á kjörtímabilinu.

Fjárhagsmarkmiðum ársins er náð, en rétt er að vísa hér í gögn frá fyrri umræðu um áætlun 2013.

### **Samanburður á milli umræðna í hlutfalli við tekjur.**

Málaflokkar	Voru	Verður
Skatttekjur	53,3%	53,2%
Framlög Jöfnunarsjóðs	16,0%	15,9%
Aðrar tekjur	30,8%	30,9%
Laun og launatengd gjöld eru áætluð um	51,0%	51,3%
Annar rekstrarkostnaður	36,0%	36,1%
Afskriftir eru um	6,6%	6,7%
Fjármagnsliðir nettó	2,2%	2,2%
Rekstrarniðurstaða	3,6%	3,7%
Veltufé frá rekstri	14,8%	14,4%
Fjárfestingahreyfingar eru	-15,1%.	-14,3%

Gert er ráð fyrir að útgjaldaramminn verði því sem næst óbreyttur næstu árin.

Veltufé frá rekstri verður komið í 16,6% árið 2015 – 2017.

### **Fjallabyggð – megin forsendur fyrir þriggja ára áætlun eru;**

#### *Tekjur :*

- Íbúar Fjallabyggðar verða á árunum 2015 -2017, öll árin um 2.013 talsins
- Útsvarstekjur miðast öll árin þ.e. 2015 – 2017 við 14.48%
- Álögur í fasteignaskatti miðast við áætlun fyrir árið 2014
- Framlag Jöfnunarsjóðs er óbreytt öll árin til 2017

#### *Gjöld:*

- Laun og launatengd gjöld verða í samræmi við kjarasamninga

#### *Breyting á lífeyrisskuldbindingum:*

- 37 milljón hvert ár til hækkunar

#### *Fjárfestingarhreyfingar sjá skýringar:*

269 m.kr. 2014, Eignasjóður 219 millj. Hafnarsjóður 25 millj. Veitustofnun 25 millj.  
 242 m.kr. 2015, Eignasjóður 167 millj. Hafnarsjóður 25 millj. Veitustofnun 50 millj.  
 242 m.kr. 2016, Eignasjóður 172 millj. Hafnarsjóður 25 millj. Veitustofnun 25 millj.  
 248 m.kr. 2017, Eignasjóður 178 millj. Hafnarsjóður 25 millj. Veitustofnun 45 millj.

#### Fjármögnunarhreyfingar:

- Afborgun langtímalána er að jafnaði um 66 m.kr. á ári
- Ekki verða tekin ný lán

#### Handbært fé í árslok:

- Miðað er við að handbært fé verði í árslok ár hvert um 60 m.kr. Vísast í sjóðsstreymi sjá bls. 4 af 7 í áætlun ársins

#### Skuldastaða bæjarfélagsins - framkvæmdir

Skuldir Fjallabyggðar við lánastofnanir eru að lækka þrátt fyrir miklar framkvæmdir á tímabilinu. Skuldirnar fara úr því að vera um 708 m.kr í árslok 2013 í að vera 531 m.kr. í árslok 2017.

Bæjarráð gefur sér neðanritaðar forsendur fyrir framkvæmdir, lántökur og afborganir

Rammi framkv.	2014	2015	2016	2017
Föst stærð	269 m.kr.	242 m.kr.	242 m.kr.	248 m.kr.
Lántökur	2014	2015	2016	2017
Ekki er gert ráð fyrir lántökum á árunum 2014 – 2017.				
Afborganir föst	68 m.kr.	66 m.kr.	66 m.kr.	61 m.kr.
Lækkun skulda er því um 261 m.kr. á tímabilinu.				
Handbært fé verður	60 m.kr.	60 m.kr.	61 m.kr.	60 m.kr.

#### Framkvæmdir á árinu 2014 verða sem hér segir;

Grunnskólinn á Siglufirði	175.0 m.kr.
Veitustofnanir	25.0 m.kr.
Hafnarframkvæmdir	25.0 m.kr.
Flokkun ehf	1.6 m.kr.
Hönnu á líkamsræktarstöð Ólafsfirði	1.5 m.kr.
Bóksafn Ólafsfirði – upplýsingamiðstöð	11.0 m.kr.
Opin svæði	10.0 m.kr.
Götur og gangstéttar	19.9 m.kr.

#### Til viðbótar leggur bæjarráð til;

1. Að kannað verði með sölu á húsnæði Menntaskólans á Tröllaskaga.
2. Að kannað verði með sölu á skólahúsnæði við Hlíðarveg á Siglufirði.
3. Að húsnæði bókasafnsins á Ólafsfirði verði fært í sjálfseignarfélag ses

Ekki er gert ráð fyrir söluhagnaði umræddra eigna í áætlun 2014 – 2017.

Við gerð þriggja ára áætlunar á síðasta ári var lögð áhersla á að skuldir bæjarsjóðs við lánastofnanir þ.e. tölur úr A- og B-hluta verði undir 540 þús. kr. á íbúa í upphafi og í lok kjörtímabils.

Þessu markmiði er nú þegar náð en áætlunin gerir ráð fyrir að hún verði 443 þúsund eða undir þeirri tölu sem hún var í upphafi kjörtímabilsins þrátt fyrir miklar framkvæmdir.

### **Skuldahlutfall – skuldaviðmiðun - samanburður og viðmiðunarmörk**

Í reglum Lánasjóðs ísl. sveitarfélaga er framkvæmdastjóra láanasjóðsins veitt heimild til að veita sveitarfélögum lán ef skuldsetning þeirra, að teknu tilliti til lánveitingar, er undir 125%. Rétt era ð taka setja fram stöðu Fjallabyggðar.

Ár	Heildartekjur	Veltufé frá rekstri	%	Skuldir	Skuldahlutf.	Sk.viðmið LSR 15 ár
2014	1.842.542	272.413	14,78%	1.744.259	94,67%	ca 77%
2015	1.842.542	307.594	16,69%	1.733.058	94,06%	
2016	1.842.542	308.154	16,72%	1.720.617	93,38%	
2017	1.844.842	309.432	16,77%	1.712.705	92,84%	

- Staða Fjallabyggðar er því traust og styrkist með framsetningu á áætlun fyrir árið 2014 – 2017.
- Megin málið er að Fjallabyggð þarf ekki að taka lán þrátt fyrir framkvæmdir á árinu 2014.

### **Skuldbindingar bæjarsjóðs**

Tekið er tillit til breytinga á lífeyrisskuldbindingum á tímabilinu til 2017.

Vert er þó að geta þess að erfitt er að meta þessar skuldbindingar á milli ára þar sem nýir kjarasamningar hafa áhrif á forsendar.

## Lokaorð

Miklum framkvæmdum við skólamannvirki verður lokið í ágúst 2014.

Ætlunin er að leggja síðan áherslu á aðra þætti í umgjörð bæjarfélagsins á árunum þar á eftir, en miða þær ætíð við afkomu bæjarsjóðs.

Megin markmið er skýrt. Fjallabyggð á að vera til fyrirmynadar í rekstri sveitarfélaga á landsvísu.

## Niðurstaða bæjarstjórnar

Niðurstaðan er í samræmi við gefnar forsendur, ákvarðanir bæjarráðs og tillögur.

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum 10.12.2013 að vísa tillögum ársins 2014 og fyrir árin 2015 – 2017 til síðari umræðu í bæjarstjórn fimmtudaginn 12. desember 2013.

## Tölulegar niðurstöður fyrir árið 2014

- Rekstrarniðurstaða verður 91.0 m.kr.
- Framkvæmt verður fyrir um 269.0 m.kr.
- Afborganir langtímalána er um 67.7 m.kr.
- Handbært fé í árslok 2014 verður um 60.9 m.kr.
- Veltufé frá rekstri er 14.48% í hlutfalli við skatttekjur
- Veltufjárhlfall verður 1.13
- Eiginfjárhlfall verður 0.52
- Skuldahllfall Fjallabyggðar verður 77% eða rétt rúmlega helmingur af viðmiðunarmögum hjá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga sem er 150%.
- Skuldir lækka um 250 m.kr á kjörtímabilinu en þær verða í árslok 2014 við lánastofnanir um 661.5 m.kr.
- Engin lán verða tekin á árunum 2014 – 2017
- Framkvæmdargeta bæjarfélagsins á árunum 2014 – 2017 er 1000 m.kr.

Rétt er að leggja áherslu á að með aðgerðum bæjarstjórnar á árinu 2013 eru sannarlega að skapast forsendur til að lækka álögur á íbúa Fjallabyggðar þrátt fyrir hátt framkvæmdarstig.

## Ágæta bæjarstjórn

Með sameiginlegu átaki bæjarstjórnar hefur tekist að ná fram góðri áætlun fyrir næstu ár fyrir bæjarfélagið Fjallabyggð. Forsendur voru settar fram í greinargerð, áherslur hafa verið lagðar fram frá deildarstjórum og fagnefndum.

Lögð hefur verið fram reiknuð niðurstaða við umræður í bæjarráði og í bæjarstjórn. Niðurstaðan liggar fyrir og hefur tekið breytingum eftir umræður og skoðun bæjarráðs sem bæjarstjórn tekur nú afstöðu til og afgreiðir hér í dag.

## Ágætu bæjarfulltrúar

Þessi áætlun er sú síðasta á þessu kjörtímabili og þar með sú síðasta sem þessi bæjarstjórn leggur fram.

Tímabilið hefur verið erfitt og liggja fyrir því margar ástæður. Eitt er víst að það verður ekki sagt um þessa bæjarstjórn að hún hafi verið aðgerðarlaus.

Það er von míni að uppskeran verði í takt við sáningu ef svo má að orði kveða.

Mitt tímabili hér hjá Fjallabyggð er senn á enda og mun ég að öllu óbreyttu láta af störfum við næstu kosningar af persónulegum ástæðum. Rétt er hins vegar að taka fram að það var sannarlega von míni í upphafi að geta starfað hér næsta kjörtímabil, en aðstæður breytast og engin veit sína ævi fyrr en öll er.

Hægt er að fullyrða að margt hefur áunnist og komist til betri vegar.

Sumt hefur tekið lengri tíma en vonir stóðu til en öllum málum hefur verið sinnt eftir bestu getu.

Ég vil nú nota tækifærið og þakka samstarfið á árinu 2013. Einu erfiðasta ári mínu í stöðu bæjarstjóra er nú senn lokið.

**Með þessum orðum leggur undirritaður bæjarstjóri til við forseta bæjarstjórnar að fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 – 2017 verði borin upp til samþykktar.**

**Sigurður Valur Ásbjarnarson, bæjarstjóri Fjallabyggðar 12.12.2013.**